

Lífsleikni, samfélags- og náttúrugreinar 4. bekkur

Kennarar: Edda Guðrún Valdimarsdóttir

4

Skólaárið

2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Í samfélags- og náttúrugreinum er lögð áhersla á þemanám og að nemendur taki virkan þátt í undirbúningi viðfangsefna. Áhersla er á að samþætta allar námsgreinar með sérstakri áherslu á íslensku, m.a. samlestur, gagnvirkur lestur og lesskilning. Helstu námsþættir eru nærumhverfið, fjaran og hafið, Norræn goðafræði, Álftanessaga og trúarbrögð. Kennsluhættir miðast við einstaklings- og hópavinnu, umræður, frásagnir, myndvinnu, ritun, samvinnu og vettvangsferðir/útikennslu.

Í Lífsleikni er unnið með hugmyndafræðina "Uppeldi til ábyrgðar", "Vaxandi hugarfar" og "Verkfærakistu KVAN". Unnið er með jákvæðan bekkjaranda, hlutverk nemenda og annarra, þarfirnar og bekkjarsáttmáli gerður. Bekkjarfundir eru haldnir vikulega þar sem nemendur ræða leiðir í samskiptum. Að auki er unnið með "Vináttuverkefni Barnaheilla".

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Árinu er skipt upp í 4 lotur það sem unnin eru þemaverkefni:

Ágúst - september: "Uppeldi til ábyrgðar", unnið með þarfir og gildi. Nemendur og kennari vinna saman að bekkjarsáttmála.

Október - nóvember: Fjaran og hafið

Desember: Trúarbrögð - helgileikur

Janúar - mars: Norræn goðafræði

Apríl - maí: Álftanessaga

Námsaðlögun

Námsefni er aðlagð að hverjum og einum nemanda. Lögð er áhersla á að vinna að sambærilegum markmiðum á ólíkan hátt þar sem allir nemendur fá verkefni við hæfi.

Námsmat

Nemendur gera sjálfsmat/jafningjamat á eigin frammistöðu með tilliti til áhuga, virkni og samvinnu.

Kennarar meta vinnu nemenda með tilliti til áhuga, virkni og samvinnu. Í kennslustundum fer jafnframt fram leiðsagnarmat kennara.

Á bekkjarfundum fer fram jafningjamat um samskipti.

Námsgögn

Álftanessaga, Óðinn og bræður hans, Komdu og skoðaðu Hafið, Halló heimur og ýmsir vefir og smáforrit.

Fjölbreytt efni tengt Uppeldi til ábyrgðar, Vaxandi hugarfars og Verkfærakistu KVAN.

